



Alþingi
Erindi nr. P 139/1599
komudagur 4.3.2011

Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; hruni@fludir.is, heimasíða www.hrunamannahreppur.is

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umferðarlög.

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 3. mars s.l. var fjallað um umsögn um frumvarp til laga um umferðarlög.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um umferðarlög. Hreppsnefnd gerir alvarlegar athugasemdir við breytingar skv. 55. gr. frumvarpsins um hækkun á ökuleyfisaldri úr 17 ára í 18 ár. Slík breyting hefur gífurlega þyngjandi áhrif, sérstaklega á landsbyggðina, og felur í sér aukinn kostnað og óþægindi fyrir heimilin sem ekki er á bætandi. Þá gerir hreppsnefnd einnig athugasemdir við 59. gr. frumvarpsins um að hækka aldur þeirra sem stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan almennrar umferðar úr 15 ára aldri í 16 ár. Á sama hátt veldur þessi breyting heimilum kostnaði og óþægindum en þau treysta á að heimilisfólk geti hjálpast að við verkin og auðvelda almennt atvinnuþátttöku. Bent er á að eldra fyrirkomulag hafi ekki verið til vandræða og um sé að ræða vísir að mikilli forræðishyggju. Hreppsnefnd skorar því á þingmenn suðurkjördæmis að hafna þessum breytingum.“

Flúðum/4. mars 2011



Sveitarstjórnin í
Hrunamannahreppi

Jón G. Valgeirsson

